


ÁSGERÐUR BÚADÓTTIR

MYNDVEFNAÐUR



SÝNING LISTASAFNS ALÞÝÐU
10. OKT.— 1. NÓV. 1981



Fagnaðarefni er það hverju sinni þegar efnt er til úttéktar á verkferli íslenskra listamanna, líkt og Listasafn alþýðu hefur frumkvæði að um þessar mundir. Svo sem í sjónhending fáum við að virða fyrir okkur þriggja áratuga árangur af lífi og starfi Ásgerðar Ester Búadóttur, fylgjast með þróunarferli eins fremsta listamanns þjóðarinnar og frumkvæðli nútíma myndvefnaðar hér á landi. Slíkt yfirlit hressir rækilega upp á minni samfylgdarmanna Ásgerðar og gefur listunnendum ómetanlegt tækifæri til að meta framlag hennar til íslenskra sjónmennta.

Okkur, sem vorum samferða Ásgerði Ester á bernskuárum Handíðaskólans, varð undireins ljóst hve góðum listgáfum hún var gædd. Sérstaklega eru mér minnisstæð tök hennar á teikningu, hve fljótt hún nam markverðar heildir hlutveruleikans og nýtti sér þær til myndrænnar túlkunar. Ekki spillti það fyrir, þegar hún að námi loknu hér heima, naut leiðsagnar Vilhelms Lundströms við Fagur-listaskólann í Kaupmannahöfn. Auðvitað vafðist það fyrir Ásgerði eins og okkur hinum, sem sóttum frekari menntun til meginlandsins, hvert stefna skyldi að námi loknu, mitt í umróti því sem heimsstýrjöldin síðari skildi eftir sig. Líklega var hún þó einna lengst að gera upp hug sinn. Ef til vill hefur þar ráðið eðlislæg varfærni, ef til vill fullnægði hin hefðbundna myndtækni ekki listþörf hennar, ef til vill lágu í leynd gömul hvatningarorð Kurt Zier, að snúa sér að nýrra tækni, myndvefnaði. Um þetta skal þó ekkert fullýrt. Eitt er víst, Ásgerður Ester keypti sér vefstól í Kaupmannahöfn og tók hann með sér heim að námi loknu án þess eiginlega að vita hvað hún ætlaði að gera við hann, eins og hún sjálf hefur orðað það. Stóllinn sá arna varð henni engu að síður örlagavaldur. Með hjálp góðra manna, sjálfsgaga og listrænni forvitni, lærðist Ásgerði smátt og smátt að ná tökum á þessu undratæki, þar til undan iðjusömum höndum hennar tóku að vaxa dúkar er í voru greipt myndverk er brátt tóku að vekja athygli. Hálfum tug ára eftir að hún hóf að slá vef sinn fékk hún verðlaun á alþjóðlegri listsýningu í Þýskalandi. Síðan hefur frægð hennar farið vaxandi, ekki aðeins á heimaslóðum heldur ekki síður á erlendum vettvangi. Er skemmst að minnast þess, að Ásgerður var valin til að vinna veggmynd eina stóra til þrýðis fundarsal Norræna menningarsjóðsins í Kaupmannahöfn.

Líkt og margir jafnaldrar hennar í íslenskri myndlist hóf Ásgerður sköpunarferil sinn með stílfærðum, hlutbundnum myndum, þar sem réðu heilir fletir og mjúklátir litir með ívafi af ljóðrænu. Með tímanum uxu þó myndir hennar frá hinum ytri veruleika að undirstöðu myndheimsins, fletinum sjálfum. Meira að segja liturinn hvarf. Sjálfsgagt hefur þetta af hennar hálfu verið ítrasta könnun á vefjarlistinni sjálfri. Þaðan lá leið hennar til hýrnandi lita og efniskennar, uns hún nær fullþroska áfanga er markað hefur henni sess í íslenskri listasögu.

Enda þótt óhlutbundin séu við fyrstu sýn, streymir frá verkum Ásgerðar Ester Búadóttur rík og djúp skynjun á landinu, lífi þess og ásýnd. Áhrifin eru því sterkari sem stíll hennar er agaðri. Hún hyllist aldrei til að láta efni eða tækni gleypja fyrir sér, þau hjú eru svo undirorpin vilja hennar, að áhorfandinn gleymir þeim vegna þess innri boðskapar er verk hennar flytja. Slíkt er kennimark mikils listamanns.

Starfsferill

- 1942—'46 — Nám í Handíða- og myndlistaskólanum (nú MHÍ).
- 1946—'49 — Nám í málaraðeild Vilhelms Lundström við Konunglega akademíð í Kaupmannahöfn. Námsferðir til Hollands 1947 og til Frakklands 1949.
- 1950—'52 — Kennir teikningu á námskeiðum Handíða- og myndlistaskólans. Byrjar að vefa.
- 1956 — — Tekur þátt í 8. Alþjóðlegu listiðnaðarsýningunni í München á vegum félagsins Íslensk listið.
- Hlýtur gullverðlaun sýningarinnar fyrir verk sín.
- 1958 — — Þátttaka í 9. Alþjóðlegu sýningunni í München og í sýningu Norræna listbandalagsins í Gautaborg.
- 1958 — — Sýning ásamt Benedikt Gunnarssyni listmálara í „Sýningarsalnum“ við Hverfisgötu.
- 1959 — — Tekur þátt í sýningunni „Formes scandinaves“ í Musée Arts Decoratifs í París.
- 1961 — — Barnabók hennar, Rauði hatturinn og krummi, myndskreytt með pappírsklippum, kemur út á forlagi Helgafells.
- 1962 — — Einkasýning í vinnustofu sinni að Karfavogi 22. Gerir, á vegum Sigvalda Thordarsonar arkitekts, myndraðir á útveggi „Stapa“ í Ytri Njarðvík. Gerist félagi í FÍM.
- 1963 — — Hlýtur ferðastyrk úr ferðasjóði Barðoru og Magnúsar Á. Árnasonar. Fer kynnisferð til Flórens, Siena og Rómaborgar.
- 1964 — — Einkasýning í Bogasal Þjóðminjasafnsins.
- 1966 — — Fyrsta þátttaka í Haustsýningu FÍM og síðan nær árlega upp frá því.
- 1967 — — Einkasýning í Unuhúsi við Veghúsastíg.
- 1970 — — Þátttaka í sýningu Bandalags Íslenskra listamanna á Listahátíð í Reykjavík.
- Vefur verkið „Stormhörpuna“, sem 14 kaupstaðir landsins gefa Norræna húsinu.
- 1972 — — Tekur þátt af Íslands hálfu í sýningu norræns myndvefnaðar í nýstofnuðu sýningarhúsi, „Plaisiren“, við Hässelbyhöll hjá Stokkhólmi.
- 1974 — — Þátttaka í sýningunni „Norræn vefjarlist“ í Norræna húsinu á Listahátíð.
- Þátttaka í sýningunni „Íslensk myndlist í 1100 ár“ á Kjarvalsstöðum.
- Þátttaka í „The First World Crafts Exhibition“ í Toronto, Kanada.
- 1975 — — Boðið að sýna sem gestur með danska listamannahópnum „Koloristerne“ í Kaupmannahöfn.
- Þátttaka í sýningu í Listasafni Íslands í tilefni alþjóðlegs kvennaárs.
- 1976 — — Valin á sýningu myndlistargagnrýnenda, „Val '76“, á Kjarvalsstöðum.
- Dómnefndarfulltrúi af Íslands hálfu við val á fyrsta þræring norrænnar vefjarlistar, „Nordisk textiltiennale I“. Fór valið fram í listasafni Álaborgar, þar sem sýningin hófst, en fór síðan um öll Norðurlönd.
- 1978 — — Menningarsjóður Norðurlanda leitar til Ásgerðar um gerð á veggklæði í samkomusal menningarmálaskrifstofunnar í Kaupmannahöfn.
- Þátttaka í sýningu „Koloristerne“ í Den Frie í Kaupmannahöfn.
- Þátttaka í sýningu Textílfélagsins í Norræna húsinu.
- 1979 — — 7. ágúst er myndvefnaðurinn „Þar sem eldurinn aldrei deyr“ afhjúpaður og sýndur gestum í fundarsal Norræna menningarmálaskjóðsins við Snaregade í Kaupmannahöfn. „Nordisk textiltiennale II“ hefst í Röhsska listiðnaðarsafninu í Gautaborg og fer síðan um öll Norðurlönd á næsta ári. Röhsska safnið kaupir verk Ásgerðar, „Atlantis“, við opnunina.
- 1980 — — Þátttaka í sýningu „Koloristerne“ í Den Frie í Kaupmannahöfn.
- Valin í „Kjarna“ á Haustsýningu FÍM á Kjarvalsstöðum.
- 1981 — — Yfirlitssýning yngri og eldri verka í Listasafni alþjóðu í Reykjavík.

Ásgerður Búadóttir er meðlimur í Félagi Íslenskra myndlistarmanna og Textílfélaginu.

Education and professional work:

- 1942—'46 — Studies at the Icelandic College of Art and Crafts
- 1946—'49 — Advanced studies at the Royal Academy in Copenhagen.
- 1950—'52 — Teaches drawing at the Icelandic College of Art and Crafts. Starts weaving.
- 1956 — — Takes part in the 8th International Crafts Exhibition in Munich, Bohemia. Is awarded the exhibition's gold medal for her tapestries.
- 1957 — — Takes part in the 9th International Crafts Exhibition in Munich and in the Nordic Art Federation's Exhibition in Gothenburg.
- 1958 — — Exhibition in Reykjavík together with the painter Benedikt Gunnarsson.
- 1959 — — Participates in the exhibition „Formes scandinaves“ at the Musée Arts Décoratifs in Paris.
- 1961 — — Her book for children, *The Red hat and the Raven*, illustrated with collages, is published by Helgafell, Reykjavík..
- 1962 — — One-man exhibition in her studio at Karfavogur, Reykjavík.
Designs mural decorations in painted concrete for the external walls of the cultural centre „Stapi“ in Njardvík.
- 1963 — — Receives a travelling-scholarship from the fund of Barbara and Magnús Árnason. Stays in Florence, Siena and Rome.
- 1964 — — One-man exhibition of tapestries in the National Museum's building in Reykjavík.
- 1966 — — First participation in the yearly exhibition of the Association of Icelandic Artists, and almost yearly thereafter.
- 1967 — — One-man exhibition at the gallery „Unuhús“ in Reykjavík.
- 1970 — — Takes part in the official exhibition at the First Reykjavík Arts Festival.
Commission from 14 Icelandic municipalities to weave a tapestry, „The Storm Harp“, for the newly-build Nordic House in Reykjavík.
- 1972 — — Takes part in the exhibition „Nordic textiles“ at Hässelby, Stockholm, with one representative from each nordic country.
- 1974 — — Exhibition of nordic textiles in Reykjavík at the 3rd International Arts Festival.
Represented in the exhibition „Icelandic Art through the ages“ in Reykjavík.
Represented at the „First World Craft Exhibition“ in Toronto, Canada.
- 1975 — — Shows as a guest with the danish artist-group „Koloristerne“ in Copenhagen.
Represented in an exhibition in the National Gallery of Iceland in connection with the International Women's Year.
- 1976 — — Chosen for the first „Arts Critics' Selection“ at Kjarvalsstaðir, Reykjavík.
Represented at the „I Nordisk textiltiennale“, a triennial travel-exhibition of nordic textiles.
- 1978 — — Commission from the Nordic Cultural Fund for a tapestry in the Secretariat's conference room in Copenhagen.
Exhibits with „Koloristerne“ in Copenhagen.
Takes part in the Textile Guild's exhibition in the Nordic House, Reykjavík.
- 1979 — — The tapestry for the Nordic Cultural Fund completed and hung at the Secretariat in Snaregade, Copenhagen.
II Nordic triennial textile exhibition opens in Gothenburg and travels through six Nordic countries.
- 1980 — — Exhibits with „Koloristerne“ in Copenhagen.
Exhibits as guest of honour with the Icelandic Association of Artists in Reykjavík.
- 1981 — — Retrospective exhibition in the Museum of the Icelandic Trade Unions in Reykjavík.
Ásgerdur Búadóttir is a member of the Association of Icelandic Artists and the Textile Guild.

Sýnd verk

1. Kjarni, 1957. Ull, 80x55.
Eigandi Manfreð Vilhjálmsson.
2. Lauf, 1957. Ull, 150x78.
Eig. Heilsuverndarstöð Reykjavíkur.
3. Vefnaður, 1962. Ull, 175x115
Eig. Kristín Guðmundsdóttir
4. Glóð, 1962. Ull, röggvar, 167x111
Eig. Listasafn Íslands.
5. Skammdegi, 1963. Ull, röggvar, 167x116.
Eig. Ragnhildur Helgadóttir og Þór Vilhjálmsson.
6. Völundarhús, 1964. Ull, 123x65.
Eig. Elin Árnadóttir.
7. Krossfarar, 1964. Ull, 144x124.
Eig. Lena Rist og Gísli B. Björnsson.
8. Sól í Siena, 1964. Ull, röggvar, 133x119.
Eig. Rakel Sigurðardóttir Rosenblad.
9. Flagðafeldur, 1964. Ull, röggvar, 156x103.
Eig. Inga Hrefna Búadóttir.
10. Þöll II, 1965. Ull, 123x82
Eig. Bandalag starfsmanna ríkis og bæja.
11. Vigilia, 1966. Ull, 123x98.
Eig. Sigrún Jónatansdóttir.
12. Haustskógur, 1966. Ull, röggvar, 175x110.
Eig. Baldvin Björnsson.
13. Venus, 1966. Ull, 119x92.
Eig. Listasafn Íslands.
14. Stillur, 1966. Ull, 118x154.
Eig. Jón Óttar Ragnarsson.
15. Mai, 1967. Ull og hrosshár, 98x73.
Eig. Ólöf og Guðmundur Kr. Guðmundsson.
16. Hrævareldur, 1970. Ull og hrosshár, 126x124.
Eig. Landsbanki Íslands.
17. Eldstákn, 1973. Ull og hrosshár, 139x127.
Eig. Tónlistarskólinn í Reykjavík.
18. Bergmál, 1974. Ull (indigólituð) og hrosshár, 139x127.
Eig. Sigríður og Ingimundur Sveinsson.
19. Náttkemba, 1974. Ull (indigólituð) og hrosshár, 160x174.
20. Huldulauf, 1975. Ull og hrosshár, 69x79.
Eig. Ögmundur Skarphéðinsson.
21. Vindblær, 1975. Ull og hrosshár, 135x132.
Eig. Ingibjörg Bjarnadóttir og Einar Magnússon.
22. Ís og eldur, 1975-76. Ull (krapplituð) og hrosshár, 141x136.
23. Skarðatungl, 1976. Ull og hrosshár, 160x117.
Eig. Listasafn Íslands.
24. Blámáni, 1976. Ull, 93x67.
Eig. Kristín Pálmadóttir.
25. Af stuðlum, 1977. Ull (krapplituð), 84x64.
Eig. Skúli Sigurðsson.
26. Kröfluminni, 1978. Ull (krapplituð) og hrosshár, 124x164.
Ofið fyrir Þorkel Erlingsson og Margréti Sæmundsdóttur.
27. Hvít - svört tenning, 1978. Ull, 63x58.

Eig. Þorbjörg Þórðardóttir og Þórður Hall.

28. Svört - hvít tenning, 1978. Ull, 63x58
Eig. Jóhanna Þórðardóttir og Jón Reykdal.
29. Skjaldarmerki, 1978. Ull og spunnið hrosshár, 150x140.
Eig. Ríkisútvarpið.
30. Náttúruáhrif í vef, 1979. Ull og hrosshár, 130x99.
Eig. Bergljót Jónatansdóttir og Jón Sigurðsson.
31. Sjö lífsfletir, 1980. Ull (krapplituð), 186x136.
32. Vetrarbraut, 1980. Ull (indigólituð) og hrosshár, 121x97.
Eig. Karen og Hróbjartur Hróbjartsson.

33. Tening með tilbrigði I, 1981. Ull og hrosshár, 62x58.
34. Tening með tilbrigði II, 1981. Ull og hrosshár, 65x55.
Eig. Listasafn Íslands.
35. Eldland, 1981. Ull (krapplituð) og hrosshár, 132x114.
36. Vonin, 1981. Ull og hrosshár, 138x124.
37. Bláin, 1981. Ull (indigólituð) og hrosshár, 134x115
38. Heimkynni í sjó, 1981. Ull og skel, 57x59.

Upplýsingar um verð þeirra verka sem eru til sölu má fá hjá umsjónarmanni.



Á sýningunni „Nordisk textil“ í Gallerie Plaisiren, Hässelby, 1972.

Nokkrar umsagnir

(Some references)

Sýning í Sýningarsalnum við Hverfisgötu, 1958:

„Litaskyn Ásgerðar er einfalt og upprunalegt. Hún byggir verk sín á þægilegum en þó sterkum litum. Efnid sjálft er látið njóta sín til fulls, og þannig verður það sterkur þáttur í sjálfum heildarsvip verkanna. Allt sem Ásgerður sýnir er algerlega sneytt yfirborðstildri og villisýnum, hvergi reynt að gera hlutina að einhverju sem blekk gæti mannsaugað á einn eða annan hátt.

Myndvafnaður Ásgerðar er að mínum dómi mjög heilsteyptur og ber einkenni afar vandaðrar listakonu, sem hefur ekki látið mikið yfir sér. Það er ekki ósanngjarnt að segja, að myndvafnaður Ásgerðar sé eitt af því bezta sem komið hefur frá yngri listamönnum hérlandis um langt skeið.“

Valtýr Pétursson í Morgunbl. 27/4 1958

Sýning í vinnustofu Ásgerðar 1962:

„Það sem mesta athygli vekur er litagleði, en jafnframt takmörkun litanna í hverju verki. Ásgerður skapar skemmtileg og andrútt tilbrigði í „rya“—tækninni. Hún bindur hnútana stundum þéttar og stundum gisnara inn í vefnaðinn. Þannig myndast hrynjandi geometriskra forma, sem hreyfast yfir alla myndbreiddina. Með því að nota hvítan grunn lýsist orange-litur hnútanna í gull-orange, og þar sem hnútarnir eru þéttar magnast liturinn í eldrautt. Einnig kemur fram í veggteppum hennar einn kostur, sem ullin hefur fram yfir ollulitinn: Eftir því sem þræðirnir liggja sléttar eða ósléttar, leikur birtan á síbreytilegan hátt um þá, litirnir byrja að sveiflast, einskonar tíbrá litanna myndast. Það er málað úr efni ullar.“

Kurt Zier í Vísí 19/11 1962

Sýning í Unuhúsi 1967:

Eitt teppið fylgir lóðréttum og láréttum grunnlínunum út í æsar. Annað þeytir gleðinni á loft með skástrikum og björtum flötum á milli þeirra. Sum þeirra bifast ekki í nærveru augans, önnur spenna bogastreng forðabúrsins til hins ítrasta. En mestum tíðindum sæta nýjustu teppi Ásgerðar: Haustskógur og Vefjarhiminn. Ég er ekki í vafa um það, að stór og góð ræktarlönd bíða höfundar þeirra. Blái renningurinn í Vefjarhimni er

ótvírætt merki um það, tengsl hans við rytmsku borðana annað, innreið þeirra í himininn þriðja. Ég gæti haldið áfram að telja upp táknið og aðferðir þessarar myndar. Hitt er ljóst, að Ásgerður byggir sín verk á traustum grunni: vitsmunalegri og tilfinningararkri virðingu fyrir efniviðnum. Hún er rauði þráður sýningarinnar í Unuhúsi.“

Hjörleifur Sigurðsson í Vísí 25/4 1967

Sýningin „Nordisk textil“

í Plaisiren við Hasselby 1972:

„De enligt min mening intressantaste arbetena visade den isländske konstnären Ásgerður Búadóttir med sina klara, abstrakta vävnader där även hästhår var invävt och gav en sträv men poetisk ton.“

Beate Sydhoff í FORM, nr. 8 1972

„Där visar norskan Sunnøve Anker Aurdal konstvävnader med exotiska inslag av metallkedjor och koppartråd och Ásgerður Búadóttir från Island tunga geometriska kompositioner, som får en livgivande lyster genom en ljus slöja av hästhår över ytan... Det är en vital utställning som pekar på nya möjligheter inom textilkonsten.“

Martin Strömberg í Västerviks-Tidningen 12/10 1972

Sýning „Koloristerne“ á

Den Frie í Kaupmannahöfn 1975:

„Ásgerður Búadóttir reducerer i sine billedtæpper farverne til blåt og brunt, men har et stort greb om disse hovedfarver og spiller enkelt og stærkt på tæppets format, på dets tunge, dramatiske folder og lange løse flagrende striber. Hun er et godt nyt bekendtskab.“

Gunnar Jespersen í Berlingske Tidende 4/1 1975

„Og nu har hun (Nanna Hertoft) skaffet Koloristerne en gæst, som nok er værd at lære at kende — den islandske tæppekunstner Ásgerður Búadóttir. Af Sagaøens nationalprodukter, uld og hestehår, har hun skabt en række billedtæpper, som er et af udstillingens højdepunkter. Vi siger tak og glæder os meget til gensynet.“

Emil Hörbov í Fri Tidende 11/1 1975

„Da Ásgerður Búadóttir havde gået og malet på Kunstakademiet her i København i to år — hos selve Lundström — købte hun sig en vævestol... De, som går på Koloristerne i Den Frie, hvor

Ásgerdur Búadóttir er gæste-udstilller, vil øjeblikkelig konstantere, at hun gjorde ret dengang. Hendes vævninger af de islandske fårs uld og med de små, islandske hestes hvide og sorte halehår er som et vindsus eller som et spind eller som et frø-fnug. De er en meget bevidst og selvstændig kunstners dejlige arbejder. Vejret, årstiderne, natten, ilden inspirerer hende. Island!"

Jonna Dwinger i Politiken 8/1 1975

„Da jeg for nogle år siden så Ásgerdur Búadóttirs billedtæpper på en udstilling i Stockholm, blev jeg med det samme klar over, at det var tæpper, vi måtte se i Danmark. Formen, tegningen i Ásgerdurs tæpper er affødt af den teknik og opbygning, som netop vævningen nødvendiggør, det kommer så klart til udtryk. -- Titler som „Eldstákn“, Ildtegn; „Rautt regn“, Rød regn; „Hrævareldur“, Lygtemand; „Bergmál“, Ekko, siger noget om tæppernes oprindelse i det islandske. Som så ofte før, når der har været tale om islandsk kunst, kan man her mærke den indflydelse natur må have, når den er så storslået, altdominerende og voldsom som den islandske.

Et tæppe tænker jeg særlig på. Det er vævet med åbne spalter i den sorte uld som en luftig bræddewæg, røde og brune linier danner buede faste former i det spaltede, og vindblæste hvide og sorte hestehår giver tæppet en virkning, så man mærker stormen og tænker på gnistrende lavaregn på den natsorte himmel ude over havet, som det må have set ud fra land under udbruddet på Heimaey.

Det er første gang, vi har lejlighed til at se Ásgerdur Búadóttirs tæpper i Danmark. Velkommen hos Koloristerne!"

Nanna Hertoft i formála að sýningarskrá „Koloristerne“ 1975.

„Modern Icelandic Tapestry“

„Trained in the purism of abstract art, Ásgerdur uses clear and simple forms in her carpets and wall-hangings. In this way she demonstrates that it is particularly in the wonderful material, wool, that the genuine, abstract decorative art finds its full expression. This association between weaving and modern art is incidentally by no means fortuitous. No less a person than Paul Klee taught weaving classes in the famous Bauhaus in Germany.

Ásgerdur Búadóttir is advancing step by step along this path. By economy of colour and form she thus makes the wool a soothing background to the life of men, who wish to recover in their own homes from the nerve-racking noise and battle of the working day. Ásgerdur's creations are rhythmically inspired by a *géometrie humaine* of forms. The presence of the living human being in front of them is from the start intended as a contrast. It is only by a combination of the whole — man, architecture, tapestry — that he fulfills his function. Finally, there is a third factor to be considered. That is the raw material. In this respect Iceland, as a sheep-rearing country, is particularly favoured. The old techniques of wool processing and dyeing are also still very much alive. Ásgerdur Búadóttir reveals in her tapestries a fine feeling for the qualities of this material, wool, and she incorporates them as calculated elements in her compositions. She uses alternately the old *rya* technique and the tapestry weaving which she ingeniously varies according to her artistic inclinations."

Kurt Zier i Atlantica & Iceland Review 1969.

Nordisk textilttriennale —

Norræn vefjarlist — I og II

„En vis strenghed og alvor dominerer de vævede ting, det samme gør den diskrete farveholdning og de enkle, ofte geometriske motiver. -- Skulle i vrímlen af deltagere fremhæves enkelte navne, måtte det fra Danmark blive Nanna Hertoft, Berit Hjerholt, Jette Nevers og Jette Thyssen, fra Finland Pirkko Hammarberg og Irma Kukkasjärvi, fra Island Ásgerdur Búadóttir, fra Norge Sunnøve Aurdal..."

Ib Sinding i Jyllands Posten 2/7 1976

„För Island, ett ull-land ända sedan landnamstiden, är detta evenemang den största utmaningen hitintills. I den mycket informerande katalogtidningen läser man att väverskor torde ha varit öns första, icke gårdsbundna löntagare, liksom att även den fattigste kyrka var inklädd med vävnader under katolsk tid..."

På triennalen finns härliga saker från Island. Ragna Róbertsdóttir rättframma bild av hus, potatisfårar och plantrader, gjorda av gröнна rosetter. Ásgerdur Búadóttirs vävnader med rödbrun ull och hängande hästhår. Hon kallar dem „Is og eld“.

Margarete Romdahl i Dagens Nyheter 14/7 1976

„Bland de starka bildupplevelsena finns också en väv helt i svart-vitt av norskan Unn Sönju.-- Också finskan Kaarina Kellomäki och isländskan Ásgerdur Búadóttir har med skickligt arbete och ovanliga bilder vävt motiv som är synnerligen suggestiva, men dessa er nonfigurativ och har sin styrka i färgen och formspelet.“

Majken Sörman-Olsson i Sydsvenska Dagbladet 21/7 1976.

„Det är nittiofyra olika konstnärskynnen som kommer til tals. Den största utställargruppen kommer från Danmark, som just nu är inne i en vital period av textilskapande. Vitaliteten saknas inte heller hos den lilla sex-manna-gruppen från Island.-- När man ser Ásgerdur Búadóttirs vulkanfantasier „Is och eld“, får man en kinesisk ko'ssu* i tankarna. Hun udnyttjar visserligen inte på fågelsfjädrar, men med löst fladdrande tagelstrån skapar hon en dramatisk kontrast till bottenvävens täte yta.“

(* K'ossu er myndvefnaðartækni frá Tangtímalílinu, þar sem fjaðrir voru gjarnan notaðar í ívaf.)

Karin Blomqvist i Snällposten (Syndsv. Dagbl.) 22/10 1976

„Nú stendur yfir á Kjarvalsstöðum sýningin Nordisk textiltíriennale eða Norræn veflist, og eru alls sýnd 116 verk eftir 95 listamenn. Sýningin var valin af dómnefnd veflistamanna, sem í áttu sæti fulltrúar frá öllum Norðurlöndunum.-- Þeir listamenn, sem vinna út frá óhlutlægum forsendum og án efa eiga hér áhugaverðustu verk, eru Irma Kukkasjärvi, Anker Aurdal og Ásgerður Búadóttir.

Ásgerður sýnir hér tvö vefnaðarverk, „Is og eld“, unnin í ull og hrosshár. Í efnismeðferð sinni teflir hún saman svifléttum hárum á móti þéttum grunni, og öll formgerð hennar býr yfir hnitmiðun og einstakri fágun í handbragðinu.“

Ólafur Kvaran í Þjóðviljanum 13/2 1977.

„Ásgerður Búadóttir sýnir ein fallegustu verkin á sýningunni. Þótt erfitt sé að finna ytri fyrirbæri úr náttúrunni, kannski aðeins gáru á vatni eða sveilbungu, eru náttúrustemningar hennar ákaflega sterkar. Hún teflir fram andstæðum hvað snertir efnisval, mjúk ullin og strítt hrosshárið skapa spennu í því fullkomna jafnvægi sem á myndfletinum ríkir.“

Hrafnhildur Schram í Dagblaðinu 14/2 1977

„En stor utställning av textilkonst från sex nordiska länder visas under sommaren på Röhsska Konstslöjdmuseet i Göteborg.--

Från Island utställs åtta alster, en del av mycket särpräglad art. „Atlantis“ av Ásgerdur Búadóttir är stor stämningsfull vävnad, en symbolform för evig natur och oändliga vidder av strömmande vatten.“

Bertil Andrén i Västgöta-Demokraten 12/7 1979

Tekstilkunst på en höjdepunkt.

93 udvalgte værker fra hele

Norden på Kunstindustrimuseet.

„Kim Navers tredelte vævning er af umådelig skønhed, her er det de store klart afgrænsede figurer som sammenspiller med uldens karakter og farver. Et mesterværk er også finnen Mirja Tissaris vævning i fire dele, hvor man opfatter indflydelsen fra Finlands store tekstilkunstner Dora Jung. Et værk af format og fuldt af oplevelse er billedvævningen af uld og spundet hestehår af den islandske væver Ásgerdur Búadóttir, som iøvrigt netop har udført et arbejde til den smukke mødesal for Nordisk Kulturfond i Snaregade i København. Lad os slutte med at konstatere at den tekstile kunst befinder sig på et højdepunkt.“

Henrik Sten Möller i Politiken 14/9 1979

Sýning með „Koloristerne“

í Den Frie 1980

„Nokså afgørende er det imidlertid at pege på de to billedvæversker: Nanna Hertoft og Ásgerdur Búadóttir. De gør udstillingen og sig selv ære.

Og Búadóttirs dobbeltvævning, Hvor Ilden Aldrig Dør, skabt på bestilling af Nordisk Kueturfond, rummer en klarhed og varm skønhed i de røde toner, smidige linjerytmer, og takket være den præcise fornemmelse for billedplan og billedrum, som fortryller.“

Pierre Lübecker i Politiken 5/1 1980

„Á því er enginn vafi, að þetta er sterkasta sýning Félags Íslenzkra myndlistarmanna hin síðari ár.--

Ásgerður Búadóttir sýnir sjö vefmyndir. Það er sterkt samræmi í þessum verkum. Vart verður fundinn veikur blettur, hvorki í myndsköpuninni né vinnubrögðunum. Skýr og einföld framsetning Ásgerðar virðist hefja myndir hennar yfir öll tímamörk og stílpref. Í fáum orðum sagt eru þær klassískar.“

Halldór Björn Runólfsson í Helgarpóstinum í október 1980



Við afhendingu vefnaðarins „Þar sem eldurinn aldrei deyr“ í fundarsal Norrænu Menningarmálaskrifstofunnar í Kaupmannahöfn, 1979. Klas Olofsson og listakonan.

Ásgerður Búadóttir á verk í eftirtöldum stofnunum:

Listasafn Íslands, Tónlistarskólinn í Reykjavík, Heilsuverndarstöðin í Reykjavík, Norræni menningarmálasjóðurinn, Kaupmannahöfn, Norræna húsið, Reykjavík, Landsbanki Íslands, Reykjavík, Röhsska listiðnaðarsafnið, Gautaborg, Nordiska Investeringsbanken, Helsinki, Ríkisútvarpið, Reykjavík.

Ásgerdur Búadóttir is represented in the following public collections:

The National Gallery of Iceland, The Reykjavík Music School, The Reykjavík Health Centre, The Nordic House, Reykjavík, The Nordic Cultural Fund's Secretariat, Copenhagen, The National Bank of Iceland, Reykjavík, Nordiska Investeringsbanken, Helsinki, The Röhsska Museum, Gothenburg, The Icelandic State Radio, Reykjavík.



Hluti af salarkynnum Listasafns ASÍ að Grensásvegi 16

Listasafn Albýðusambands Íslands var stofnað með frumgjöf Ragnars Jónssonar forstjóra hinn 17. júní 1961, er hann færði "samtökum Íslensks erfiðisfólks" 120 valinkunn listaverk. Síðan hefur mikið við þann stofn bætt, bæði af frekari gjöfum hans og annarra, og eru nú í safninu á fjórða hundrað listaverk.

Þótt safnið hafi lengst af búið við erfitt húsnæði, hefur starfsemi þess samt verið öflug. Sýningar hafa verið haldnar í húsakynnum þess, að Laugavegi 18 og 31, það hefur staðið fyrir fjölda sýninga víða um landið og beitt sér fyrir listkynningum á vinnustöðum, bæði á eigin verkum og annarra.


Með stofnum Listaskála albýðu 1976, sem er hlutafélag rúmlega fjörutíu verkalyósfélaga, og byggingu þessa nýja húsnæðis yfir safnið, breyttist öll aðstaða þess til enn öflugra starfs. Húsnæði þess að Grensásvegi 16 er um 360 fermetrar, með frábærum sýningarsölum, fullkom-

inni listaverkageymslu og allmikilli vinnuaðstöðu í kjallara. Gert er ráð fyrir að aðrar listgreinar geti einnig fengið þar inni, sem og ýmskonar fræðslu- og menningarstarfsemi á vegum albýðusamtakanna.

Stjórn Listasafnsins hafa frá upphafi skipað: Hannibal Valdimarsson, formaður, Stefán Ögmundsson, Eggert G. Þorsteinsson, Árni Guðjónsson, Björn Th. Björnsson og Hjörleifur Sigurðsson, en Hrafnhildur Schram tók sæti hans, er Hjörleifur flúttist til Noregs í ársbyrjun 1979.

Stjórn Listaskála albýðu skipa: Árni Guðjónsson, formaður, Ólafur Emilsson, Sverrir Garðarsson, Halldór Björnsson, Þórunn Valdimarsdóttir, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir og Guðmundur H. Garðarsson.

Forstöðumaður safnsins er Þorsteinn Jónsson.



LISTASAFN ALBÝÐU
GRENSÁSVEGI 16,
108 REYKJAVÍK
SÍMI 91—81770